

RE: Skýrsla ekki opnuð

Til : Magnús Ingi Jónsson - MAST <magnus.jonsson@mast.is>; Nancy Rut Helgadóttir - MAST <nancy.helgadottir@mast.is>

Frá : Silja Baldvinsdóttir <silja@arnarlax.is>

CC : Lukasz Kamil Ostaszewski <lukaszko@arnarlax.is>; Kristian Leander Gillebo Sormo <kristians@arnarlax.is>; Fannar Freyr Ottósson <fannar@arnarlax.is>; Johnny Indergaard <Johnny@arnarlax.is>

Heiti : RE: Skýrsla ekki opnuð

Málsnúmer : 2602516

Málsaðili : Arnarlax ehf.

Skráð dags : 04.03.2026 14:35:33

Höfundur : Silja Baldvinsdóttir <silja@arnarlax.is>

Viðhengi : [Sjúkdómar og massadauði - Diseases](#)
RE: Vantar gögn vegna eftirlits í Tjaldanes 4.2.2026
[image004.png](#)
[image003.png](#)
[image002.png](#)
[image001.png](#)

Sæll Magnús,

Ég er komin með báðar skýrslur.

Ég geri ráð fyrir því að það fresturinn fyrir ath.semdir sé 14 virkir dagar og því tel ég að ég geti enn gert ath.semdir við 2/3 frávikum:

- Varðandi frávik um þrif í búningsherbergjum, ég sendi þér póst þann 18. febrúar, sjá viðhengi, varðandi það hvernig þeim er háttað. Ég er yfirmaður starfsmanna í daglegum ræstingum svo ég get staðfest að þrif séu gerð skv. plani í búningsherbergjum.



Frávik

**Dýravelferð- og smitvarnir
Búningsaðstaða og fatnaður**

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá þrifaskráningu á búningsaðstöðu til þess að geta staðfest að þrifaáætlun sé fylgt eftir. Gögn bárust ekki fyrir útgáfu skýrslunnar þrátt fyrir itrekun þess efnis og þessvegna skráist frávik á þennan þátt.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

- Varðandi viðbragðsáætlun varðandi tilkynningarskylda sjúkdóma þá kemur fram hvert beina viðbragðið okkar er í viðbragðsáætlun um sjúkdóma og massadauða. Nú var ég ekki með í eftirliti svo ég veit ekki hvaða skjal ykkur var sýnt. Sjá viðbragðsáætlun í viðhengi og klippu úr henni, hér að neðan undir frávikalýsingu, með fyrsta viðbragði:

Frávik

**Dýravelferð- og smitvarnir
Viðbragðsáætlanir**

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar báðu um að fá að sjá viðbragðsáætlun eða verklagsreglu er varðar tilkynningarskylda sjúkdóma. Eftirlitsmenn fengu að sjá heilbrigðisáætlun dýralækna ásamt viðbragðsáætlun vegna massadauða en hvorugt þeirra skjala telst sem beint viðbragð komi upp tilkynningarskyldur sjúkdómur., Samkvæmt 5. grein laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 ber eftirlitsþega að hafa verklag eða viðbragðsáætlun sem tekur á því hvernig eftirlitsþegi bregst við þeim aðstæðum ef tilkynningarskyldur sjúkdómur komi upp á eldissvæðinu.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Önnur mörk sem hafa skal í huga/Other limits to have in mind:

- Ef grunur vaknar um skaðleg umhverfisáhrif eða sjúkdóma skal hafa samband við sjókvíaeldisstjóra eða seiðaeldisstjóra eftir því hvort um ræðir sjókvíaeldi eða seiðaeldi.
- Sjókvíaeldisstjóri/seiðaeldisstjóri í samráði við forstjóra hefur samband við dýralækni fiskisjúkdóma hjá MAST.
- Forstjóri og sjókvíaeldisstjóri/seiðaeldisstjóri meta í samráði við dýralækni hvaða ráðstafana skuli grípa til í leit orsaka og til að hindra frekari skaða.

Verklagsreglan  [Neyðarslátrun & förgun / Emergency slaughter & disposal](#) er framkvæmd ef aflífa þarf bústofn.

Vinsamlegast staðfestu móttöku.

Kær kveðja,

Quality in everything we do

Silja Baldvinsdóttir

Quality Manager

Sími/Tel: [+3544140615](tel:+3544140615)

[Vottanir / Certificates](#) | [Fyrirvari / Disclaimer](#)

From: Magnús Ingi Jónsson - MAST

Sent: fimmtudagur, 26. febrúar 2026 15:27

To: Silja Baldvinsdóttir ; Lukasz Kamil Ostaszewski

Subject: Skýrsla ekki opnuð

Sæl bæði tvö,

Ég var að sjá að dýravelferðar- og smitvarnaskýrslan frá eftirlitinu í Tjaldanesi þann 4. febrúar sl. hefur ekki verið opnuð á www.island.is. Vildi bara benda ykkur á þetta.

Bestu kveður,

Magnús Ingi Jónsson

Sérfræðingur / Specialist

Fiskeldisdeild / Aquaculture department

Samhæfing / Coordination



Matvælastofnun / Icelandic Food and Veterinary Authority

Austurvegur 64 – 800 Selfoss – Iceland

Sími/tel: (+354) 530 4800 – www.mast.is – [Fyrirvari/Disclaimer](#)

